

31. ÁRSPING SSNV

14. APRÍL 2023

ÞINGGJÖRÐ



Davíð Jóhannsson
Matthías Rúnarsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Fulltrúatal.....	5-6
Skýrsla stjórnar.....	6
Ávörp.....	6
Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra	6
Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.....	6
Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitafélaga	6
Ársreikningur 2022.....	7
Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning	7
Erindi gesta.....	7-8
Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri MN	7
Hjörtur Smáráson frá Saltworks.....	7
Magnús Barðdal Reynisson frá SSNV	7
Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir frá SSNV.....	8
Afgreiðsla nefndaálita	8-9
Fjárhagsnefnd	8
Allsherjarnefnd.....	8
Stjórnskipunarnefnd	9
Afhending Byggðagleraugnanna 2023	10
Þingslit.....	10

Dagskrá

9:30 Þingsetning.

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara.

Kynning á nefndum þingsins – formenn þingnefnda

9:40 Kjörnefnd kannar lögmæti þingsins

Jóhanna Ey Harðardóttir formaður kjörnefndar

9:50 Skýrsla stjórnar SSNV fyrir árið 2022

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV

10:00 Ávörp

Sigurður Ingi Jóhannsson Innviðaráðherra, Stefán Vagn Stefánsson 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis, Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastj. Sambands íslenskra sveitafélaga.

11:00 Ársreikningur SSNV 2022 , Kristján Jónasson, KPMG

11:15 Störf nefnda

Fjárhagsnefnd fjallar um ársreikning. Stjórnskipunarnefnd fjallar um breytingar á samþykktum og úthlutunarreglum. Allsherjarnefnd fjallar um ályktun ársþings.

12:00 Hádegisverður

12:30 Erindi gesta

Arnheiður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri markaðsstofu Norðurlands, kynnir verkefni áfangastofu.

Hjörtur Smárason frá Saltworks, kynnir stöðugreiningu og samkeppnishæfni Norðurlands vestra með augum framtíðarinnar

Magnús Barðdal SSNV, fjallar um fjárfestingar á Norðurlandi vestra sem valkost

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir SSNV, fjallar um umhverfismál og mælikvarða

13:40 Afgreiðsla nefndarálita

13:50 Afhending Byggðagleraugnanna 2023

14:00 Þingslit

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna á þingið. Tilnefndi hann Unni Valborgu Hilmarsdóttur sem 1. þingforseta og Friðrik Má Sigurðson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Matthías Rúnarsson, varaþingritarar Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir og Magnús Barðdal, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd skipa:

- Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafirði, formaður
- Sólborg Borgarsdóttir, Skagafirði
- Guðmundur Haukur Jakobsson, Húnabyggð
- Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd
- Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra

Þá kynnti þingforseti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Auðunn Sigurðsson, Húnabyggð

Allsherjarnefnd: Sólborg Borgarsdóttir, Skagafjörður

Stjórnskipulagsnefnd: Jóhanna Ey Harðardóttir

Fulltrúatal

Jóhanna Ey Harðardóttir formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 27 fulltrúar og af þeim eru 24 mættir. Þingið telst því löglegt. Mættir fulltrúar eru:

Fulltrúar á ársþingi SSNV 14. apríl 2023

Skagafjörður

Þingfulltrúar

Einar E. Einarsson aðalmaður
Sigurður B. Rafnsson varamaður
Hrefna Jóhannesdóttir aðalmaður
Sigurður Hauksson aðalmaður
Sólborg S. Borgarsdóttir aðalmaður
Jóhanna Ey Harðardóttir aðalmaður
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson aðalmaður
Álfhildur Leifsdóttir aðalmaður
Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir aðalmaður
10/12 mættir

Húnaþing vestra

Þingfulltrúar

Þorleifur Karl Eggertsson aðalmaður
Friðrik Már Sigurðsson aðalmaður
Magnús Magnússon aðalmaður
Birkir Snær Gunnlaugsson varamaður
Magnús Eðvaldsson aðalmaður
5/5 mættir

Svf. Skagaströnd

Þingfulltrúar

Halldór G. Ólafsson aðalmaður
Erla María Lárusdóttir aðalmaður
2/3 mættir

Húnabyggð

Pingfulltrúar

Guðmundur Haukur Jakobsson aðalmaður

Ragnhildur Haraldsóttir aðalmaður

Auðunn Steinn Sigurðsson aðalmaður

Elín Aradóttir aðalmaður

Edda Brynleifsdóttir varamaður

5/5 mættir

Skagabyggð

Pingfulltrúar

Erla Jónsdóttir aðalmaður

Vignir Sveinsson aðalmaður

2/2 mættir

Samtals fjöldi fulltrúa 24/27 89 % mæting

Skýrsla stjórnar

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2022.

Skýrslan er aðgengileg í ársskýrslu ársins 2022 á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Ávörp

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra

Ræðu ráðherra má finna á heimasíðu samtakanna

Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis

Ræðu þingmannsins má finna á heimasíðu samtakanna

Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambands Íslenskra sveitafélaga

Eftir stutta kveðju Heiðu Bjargar Hilmarsdóttir formanns sambandsins tók nýráðinn framkvæmdastjóri Arnar Þór Sævarsson til máls. Hann þakkaði fyrir boðið að fá að ávarpa þingið. Arnar Þór tæpti í ávarpi sínu á nokkrum þeim áskorunum, sem uppi eru nú um stundir tengdum rekstri sveitarfélaga á landsvísu og ítrekaði vilja SÍS til að aðstoða á þeim vettvangi. Hann nefndi einnig málefni fatlaðra, sem úrlausnarefni milli ríkis og sveitarfélaga, sem þyrfti að leiða til lykta. Innviðaskuld sveitarfélaga væri enn fyrir hendi, þrátt fyrir ýmsar framkvæmdir gegnum Covidtímann, sem nú virkuðu vissulega inn í verðbólguþróun. Hann taldi þó að í stóra samhenginu væri ástæða til bjartsýni og mikil tækifæri fyrir hendi. Að endingu ítrekaði Arnar Þór að hann hlakkaði til góðs samstarfs, þegar hann kemur að fullu til starfa 1. maí n.k.

Ársreikningur 2022

Kristján Jónasson, endurskoðandi, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2022:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 262.648.653 kr., rekstrargjöld 267.042.330 kr. og fjármunatekjur 2.962.619 kr. Tap varð því á rekstri samtakanna að upphæð 1.431.058 kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Engar fyrirspurnir komu fram um ársskýrslu og ársreikninga.

Ársreikningi var síðan vísað til fjárhagsnefndar.

Nefndastörf

Katrín M. Guðjónsdóttir f.h. stjórnar SSNV mælti fyrir annars vegar breytingu á samþykktum SSNV og hins vegar breytingum á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs og var hvoru tveggja vísað til Stjórnskipunarnefndar

Jóhanna Ey Harðardóttir mælti fyrir ályktun Ársþings og var henni vísað til Allsherjarnefndar

Nefndir tóku til starfa og störfuðu að hluta inn í hádegishlé.

MATARHLÉ

Erindi gesta

Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri MN

kynnti verkefni áfangastaðastofu. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Hjörtur Smáráson frá Saltworks

kynnti stöðugreiningu og samkeppnishæfni Norðurlands vestra með augum framtíðarinnar. Hann studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Magnús Barðdal Reynisson frá SSNV

fjallaði um fjárfestingar á Norðurlandi vestra sem valkost. Hann studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Ólöf Lovísa Jóhannsdóttir frá SSNV

fjallaði um umhverfismál og mælikvarða. Hún studdist við glærur í erindi sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Afgreiðsla nefndaálita

Fjárhagsnefnd

Auðunn Sigurðsson gerði grein fyrir umræðum fjárhagsnefndar t.d. um framlag af eigin fé til hækkunar framlaga í Uppbyggingarsjóð.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

31. ársþing SSNV, haldið á Hótel Laugarbakka 14. apríl 2023, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2022.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur SSNV fyrir árið 2022 er aðgengilegur á heimasíðu með gögnum þingsins.

Allsherjarnefnd

Sólborg Borgarsdóttir gerði grein fyrir tillögu að breyttri ályktun vegna riðu, sem hljóðar svo:

31. Ársþing SSNV sendir frá sér eftirfarandi ályktun í ljósi nýgreindra riðusmita:

31. Ársþing SSNV skorar á Matvælaráðherra að fara án tafar í breytingar á reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001. Jafnframt þarf að leggja meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og tryggja fjármagn til rannsókna.

Greinargerð:

Undanfarin misseri og ár hefur riðuveiki í sauðfé greinst jafnt á sýktum svæðum sem og á skilgreindum hreinum svæðum þar sem liðið hafa meira en 20 ár frá síðasta riðutilfelli, eða aldrei áður eins og nú er tilfellið í Miðfjarðarhólfi. Mikill kostnaður fylgir niðurskurði vegna riðu fyrir hið opinbera sem og bændur.

Endurskoðun á reglugerðinni hefur staðið yfir í nokkur ár og þokast málið lítið áfram í Matvælaráðuneytinu. Leggja þarf meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og tryggja fjármagn í rannsóknir á verndandi arfgerðum til að koma í veg fyrir ný smit og enduruppkomu smita. Tryggja þarf betra utanumhald um gamla förgunarstaði og aukið fjármagn til viðhalds á sauðfjárveikivarnarlínum.

Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt samhljóða.

Ályktunin er aðgengileg á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Stjórnskipunarnefnd

Jóhanns Ey Harðardóttir gerði grein fyrir tillögum stjórnskipunarnefndar.

- 1) Tillaga: Breyting á samþykktum SSNV - grein 4.4. og skal hún hljóða svo:
4.4 Ef aðalmaður eða varamaður þurfa að láta óvænt af störfum í stjórn eða nefnd á kjörtíma sínum er viðkomandi sveitarfélagi sem fulltrúann á, heimilt að samþykkja í sveitastjórn nýjan aðila í hans stað og tekur hann þá umsvifalaust sæti þess sem fór og gildir það fram að næsta ársþingi þegar kosið verður um stjórn/nefnd samkvæmt samþykktum SSNV
Afgreiðsla: Tillagan var samþykkt samhljóða.
- 2) Tillaga: Breyting á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs.

Breytingar við eftirtaldar greinar voru lagðar fram og afgreiddar sem hér segir:

- # 5b Breytingartillögu vísað frá og skal greinin standa óbreytt
- # 7 Breytingartillaga umorðuð
- # 9 Breytingartillögu vísað frá og skal greinin standa óbreytt
- # 10 Breytingartillaga umorðuð
- # 12a Breytingartillaga samþykkt
- # 12b Breytingartillaga samþykkt
- # 12d Breytingartillaga samþykkt
- # 20 fyrri hluti breytingartillögu samþykktur, en seinni hluta vísað frá
- # 22a Breytingartillaga samþykkt
- # 22b Breytingartillaga samþykkt
- # 26 er bætt við úthlutunarreglur

Afgreiðsla: tillögur Stjórnskipunarnefndar voru bornar upp hver fyrir sig og allar samþykktar samhljóða.

Nýsamþykktar úthlutunarreglur eru aðgengilegar í heild sinni á heimasíðu SSNV með gögnum þingsins.

Afhending Byggðagleraugnanna 2023

Katrín M Guðjónsdóttir framkvæmdastj. SSNV sagði frá Byggðaglerauginum, sem eru á ársþingi SSNV ár hvert veitt þeirri stofnun eða ráðuneyti sem þykir hafa skarað fram úr í fjölgun starfa/verkefna í landshlutanum eða með öðrum hætti stuðlað að uppbyggingu hans. Hún tilkynnti handhafa Byggðagleraugnanna 2023.

Byggðagleraugu SSNV fyrir árið 2023 hlýtur FNV - Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Þorkell Þorkelsson, aðstoðarskólameistari hjá FNV, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd FNV og þakkaði auðsýndan heiður, sem hann taldi mikla hvatningu fyrir skólann.

Þingslit

Unnur Valborg Hilmarsdóttir þingforseti þakkaði þinginu fyrir góð störf. Því næst gaf hún formanni SSNV orðið.

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður stjórnar SSNV þakkaði þingheimi og starfsmönnum þingsins og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu

Davíð Jóhannsson og Matthías Rúnarsson,

starfsmenn SSNV.